

141
15. okt.

AUGLÝSING

um breyting á Lyfsöluskrá I frá 1. jan. 1956.

Frá og með 15. október 1958 hækkar verð lyfja, eins og það er ákveðið í Lyfsöluskrá I frá 1. janúar 1956, sbr. auglýsingu nr. 142 frá 22. desember 1955 og breytingum á þeirri lyfsöluskrá, sem gengu í gildi 1. febrúar 1958, um 25%.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 15. október 1958.

F. h. r.

E. u.

Baldur Möller.

142
15. okt.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.25 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 13.65 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 5.25 á ári af hverjum fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 80 aura hver kwst. auk fastagjalds kr. 10.50 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 6.50 af hverju herbergi umfram eitt. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 fermetrar, skal telja sem hálf, en stærra en 25 fermetra sem tvö.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.70 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds kr. 325.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið skal selja raforku um kwst.mæli til götu- og hafnarlýsingar. Einnig má eftir þessum gjaldskrárlið selja raforku til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw. um kwst.mæli á 70 aura hver kwst.
 - a. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn allt að tveim stundum um hádegi og einni stund síðdegis.